



SAMTAKA- Hópurinn

Drög að plani fyrir fimmtudaginn 5. september

HBB býður alla velkomna – tendrar kerti til minningar um Bryndísi Klöru Birgisdóttur.

Stuttlega farið yfir hvað gerðist.

Fram undan er Ljósahátíð

Gefur boltann yfir á GG sem fer yfir Flotann flakkandi félagsmiðstöð – viðbragð þeirra á Ljósahelginni, segir frá gesta floturum. Að auki að fram undan er að sérstakt kvöld sem verður auglýst innan skamms fyrir þau sem vilja ræða málin um þessi alvarlegu mál.

Stefnt er að forvarnardegi um þessi málefni í samstarfi við Samtakahópinn, ungmennaráð og aðra fagaðila.

GG – gefur boltann yfir á Kristján Frey Geirsson sem fer yfir viðbragð lögreglu um Ljósahelgina, unglingsdrykkja ekki samþykkt, athvarf, áfengi helt niður, hringt í foreldra ofl.

- Hvetja barnið til að láta ykkur vita ef það veit af einhverjum í vanlíðan, vanda eða að hóta ofbeldi eða vera með hníf á sér.
- Segja barninu af hverju það er mikilvægt að segja frá. Hnífastærðin skiptir ekki máli, það er ekki í boði að bera sér hvers kyns hnifa, líka vasahnifa.
- 15 ára börn eru sakhæf og afleiðingar þess að bera á sér dóm út lífið eru miklar.
- Vopnaburður á almannafæri er bannaður skv. 30. gr. vopnalaga. Brot geta varðað sektum eða fangelsi, allt að fjórum árum.
- Eitt högg/spark í hnakkann getur eyðilagt líf. Líf gerandans verður aldrei hið sama heldur.
- Munum svo að við erum öll skyldug til að tilkynna það ef við teljum barn í einhverskonar hættu og hægt er að hringja í 112 til þess.

Ef þið verðið vitni að einhverjum með hníf eða að hóta að nota hníf – látið vita. Ef þið sjáið lögreglu kallið til hennar. Hringið í 112 – hjálpið okkur að hjálpa ykkur.

Hafþór Barði Birgisson